



Reykjavík, 28. mars 2025

MIR25010006

ERINDISBRÉF

Starfshópur um þátttöku fatlaðra barna og ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi í Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Inngangur:

Á fundi menningar- og íþróttaráðs dags. 8. janúar 2025 kom fram, í svari sviðsins við fyrirspurn um þátttökuhlutfall fatlaðra barna og unglunga í skipulögðu íþróttastarfi í Reykjavík, að ekki væru til tölfræðigögn um þátttöku fatlaðra barna og unglunga í skipulagði íþróttastarfi í Reykjavík og því ekki unnt að bera saman þátttöku við önnur sveitarfélög.

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 28. mars 2025 var samþykkt tillaga fulltrúa Vinstri grænna um að skipa starfshóp sem geri tillögur um aðgerðir til úrbóta með það að markmiði að stórauka íþróttþátttöku þessara ungmenna. Hópurinn skili af sér eigi síðar en í september 2025.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna tillögur um aðgerðir til úrbóta með það að markmiði að auka þátttöku fatlaðra barna og ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Greining á stöðunni
- Samanburður og bestu lausnir
 - Kanna hvernig önnur sveitarfélög hafa unnið að sama markmiði.
 - Skoða vel heppnuð verkefni og aðferðir sem hægt væri að aðlaga aðstæðum í Reykjavík
- Samráð við hagsmunaaðila
 - Fá sjónarmið íþróttafélaga, foreldra, skóla og samtaka fatlaðra.
 - Ræða við sérfræðinga á sviði fötlunar og íþróttaiðkunar.
- Tillögugerð og aðgerðaráætlun
 - Móta tillögur að raunhæfum aðgerðum.
 - Setja fram mælanleg markmið og tímaramma fyrir útbærur.
- Skýrsla og eftirfylgni
 - Skila niðurstöðum og tillögum í september 2025.



Reykjavík



- Leggja til leiðir til að tryggja eftirfylgni með framkvæmd aðgerðanna.

Vinnuhópurinn skipa:

Helga Friðriksdóttir, formaður
Jóhanna Garðarsdóttir

Menningar- og íþróttasvið, íþróttaborgin
Menningar- og íþróttasvið
Íþróttabandalag Reykjavíkur
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík
Íþróttafélagið Ösp

Til ráðgjafar og samstarfs:

Vinnuhópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Vinnuhópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Vinnuhópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok september 2025.

[Undirritun ábyrgðarmanns]



Reykjavík